

Sorpstöð Rangárvallasýslu bs.

FUNDARGERÐ

194. stjórnarfundur Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. haldinn í Félagsheimilinu Hvoli, fimmtudaginn 8. febrúar 2018 kl. 10:00.


Mætt: Ágúst Ingi Ólafsson, Sigfús Davíðsson, Ómar Sigurðsson, Halldór Hróarr Sigurðsson, Sigurður Halldórsson og Guðmundur Einarsson sem ritaði fundargerð.

Ágúst Ingi Ólafsson setti fund og stjórnaði honum.

Þetta gerðist:

1. Heimsókn Halldórs Hróarrs Sigurðssonar og Sigurðar Halldórssonar frá Feng vegna hugsanlegs samstarfs í sorpmálum. Fengur hefur m.a. með höndum endurvinnslu á plasti og tímbrí. Farið var yfir núverandi stöðu og framtíðarmöguleika varðandi sorphirðu og endurvinnslu á sorpi. Ákveðið að Fengur útbúi tillögur til Sorpstöðvar Rangárvallasýslu um hvernig hugsanlega megi standa að úrlausn mála í þessum málaflokki í framtíðinni.
2. Gjaldskrá Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. vegna sorphirðu 2018. Lögð fram og samþykkt.
3. Gjaldskrá gámaleigu, flutningur og losun. Lögð fram og samþykkt.
4. Ákvörðun um eiginfjárframlag sveitarfélaganna 2018. Lagt fram og samþykkt.
5. Ákvörðun um rekstrarframlag sveitarfélaganna 2018. Lagt fram og samþykkt.
6. Kaup á notuðum sorphirðubíl til að hafa til vara. Ákveðið að gera kauptilboð í bíl sem er fáanlegur.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl: 11,45.



Sigfús Davíðsson
Ágúst Ingi Ólafsson